

Samband íslenskra sveitarfélaga

SKÓLASTEFNA SVEITARFÉLAGA

Björk Ólafsdóttir

Verkefnisstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga




SKÓLASTEFNA

Í lögum um leik- og grunnskóla segir:

- Sveitarfélög setja almenna stefnu um leik- og grunnskólahald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess

Samband íslenskra sveitarfélaga:

- Handbók um gerð skólastefnu:
 - <http://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/Skolastefna-stora.pdf>
- Leiðbeiningarit:
 - <http://www.samband.is/media/stefnumotun-i-skolamalum/Skolastefna-litla.pdf>



STEFNUMÓTUN

Lísa í Undralandi


Lísa: Vildirðu gera svo vel að segja mér hvaða leið ég fer til að komast burt hédan?

Kötturinn: Það veltur nú mjög á því hvert þú vilt fara.

Lísa: Mér stendur nú nokkuð á sama um hvert.

Kötturinn: Þá skiptir ekki máli hvaða leið þú ferð.


Lewis Carrol, 1872



AF HVERJU STEFNUMÓTUN?



Stefnumótun snýst um að skapa sjálfur framtíðina
– ekki láta aðra eða umhverfið gera það fyrir þig –


Mótun skólastefnu felst í að taka afstöðu til
hvernig skólar í sveitarfélaginu eiga að vera eftir
tiltekinn árafjöldi og hvaða leiðir er skynsamlegt
að fara að því marki.



AF HVERJU SKÓLASTEFNA?


- Fjárhagsleg ábyrgð
- Leiðbeinandi fyrir ákvarðanatöku
- Fagleg ábyrgð
- Gerir mögulegt að meta framfarir og árangur
- Eflir liðsheild og sameiginlega sýn







LAGALEGUR BAKGRUNNUR SKÓLASTEFNU





FERLI STEFNUMÓTUNAR FRH.






HVAR ERUM VIÐ STÖDD?

Stöðumat:

- Greining á núverandi stöðu í skólamálum (t.d. SVÓT)
- Líta til þeirra sem eru að standa sig vel

Skilgreina *hlutverk* skóla og ríkjandi *gildi* í skólasamfélaginu

Stefnumótun er ekki verkefni eins eða fárra stjórnenda heldur samvinna allra hagsmunaaðila




HVERT ER FERÐINNI HEITIÐ?

Við mótun framtíðarsýnar

Sá sem mænir til stjarnanna nær að sönnu ekki
takmarki sínu en ætti þó að komast hærra en sá
sem miðar allt við kjarrið.

Sir Philip Sidney




DÆMI UM FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýnin er að hámarka gæði skólastarfs til að nemendur útskrifist úr grunnskóla með getu til að hefja nám í framhaldsskóla eða velja sér starfsnám og ná árangri þar.

Nemendur sem útskrifast úr skólunum okkar eru fróðleiksfúsir námsmenn sem kunna að hugsa á gagnrýnninn hátt, kunna að greina upplýsingar og nýta þekkingu sína á mismunandi sviðum.

Þeir eru einnig undirbúnir undir virka þátttöku í síbreytilegu lýðræðisþjóðfélagi.




HVERNIG KOMUMST VIÐ ÞANGAÐ?

Stefna:

- Velja leiðir til að ná framtíðarsýninni og uppfylla hlutverk og markmið leik- og grunnskóla

Markmið:

- Meginmarkmið - segja til um hvað á að gera til að framtíðarsýnin verði að veruleika
- Áfangamarkmið – skilgreina vörður á leiðinni til að fylgjast með framförum




HVERNIG KOMUMST VIÐ ÞANGAÐ? FRH.

Aðgerðaáætlun / þróunaráætlun

Innleiðing og framkvæmd stefnunnar

Árangursmælingar og mat


Eftirfylgni



AÐGERÐAÁÆTLUN / ÞRÓUNARÁÆTLUN

1. Aðgerð: *hvernig* á að vinna að markmiðunum
2. Tímasetning: *hvenær* á verkefninu að vera lokið
3. Ábyrgðaraðili: *hver* ber ábyrgð á hverju verki um sig


Forgangsröðun aðgerða



INNLEIÐING OG FRAMKVÆMD STEFNU

Af hverju mistekst innleiðing/framkvæmd stefnu?


- Stefnan er óvirkt stjórnæki
- Stuðning vantar frá stjórnendum
- Upplýsingaflæði er ábótavant
- Skortir aðföng til að framfylgja stefnunni
- Áætlunin er of viðamikil
- Stefnan felur ekki í sér áætlun um aðgerðir
- Stefnan hefur ekki stuðning starfsmanna
- Ábyrgð er ekki nægilega skilgreind



HVERNIG ER STUÐLAÐ AÐ ÁRANGURSRÍKRI INNLEIÐINGU / FRAMKVÆMD STEFNU?

- Stjórnendur styðja stefnuna og ganga á undan með góðu fordæmi
- Starfsfólk er stutt í breytingaferlinu, það fær fræðslu og þjálfun til að tileinka sér nýja þekkingu og færni – og hrós fyrir vel unnin störf
- Aðföng eru notuð markvisst til að framfylgja stefnunni
- Kerfisbundið er fylgst með breytingum og framförum
- Eignaraðild og þátttaka starfsfólks er tryggð

Upplýsingastreymi – samræður - samskipti



ÁRANGURSMÆLINGAR OG MAT

Hvernig vitum við hvort við höfum náð árangri?

- *Árangursmælikvarðar og mat á markmiðum*

Hvað er góður árangur?


- *Viðmið ákveðin*

Náðum við þeim árangri sem við stefndum að?


- *Niðurstöður árangursmælinga og mats bornar saman við sett viðmið*


Er umbóta þörf?

- *Aðgerðir og umbótaverkefni skilgreind*



HRINGRÁS MARKMIÐA, MÆLINGA OG UMBÓTA





NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR FRÁ 2006

Skólastjórar sem búa við mótaða stefnu sveitarfélaga:

- 91% telja að faglegt sjálfstæði þeirra sé annað hvort svipað og áður en skólastefna var sett eða að skólastefnan hafi aukið það
- 77% hafa átt nokkra eða mikla hlutdeild í mótun skólastefnu sveitarfélagsins
- 53% telja að skólastefna sveitarfélaga stuðli að bættu skólastarfi